

Arnarlax hf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 24. september 2021  
UST202108-287/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 1. september 2021 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíks er skráð var í eftirliti þann 15. og 19. apríl sl. Þann 3. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikið er eftirfarandi:

1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávík verður frá starfsleyfis-skilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Fyrirhuguð breyting 2017 var ekki tilkynnt. Frávík vegna færslu svæða voru ekki tilkynnt og ekki gripið tafarlaust til þeirra ráðstafanna sem þurfti. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að verklag hafi verið uppfært til að koma í veg fyrir frávík vegna skyldu fyrirtækisins til að tilkynna um breytingar á rekstri sem leitt geti til endurskoðunar starfsleyfis. Einnig hafi verklagi verið breytt á þann hátt að tilkynnt verði um frávík frá starfsleyfi sem og að gripið verði tafarlaust til ráðstafana vegna þeirra. Rekstraraðili sendi stofnuninni einnig uppfært verklag.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávíkum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur